


**Efni: Brúsastaðir II. Umsögn vegna athugasemda.**

Breytingar á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum er nær til lóðarinnar við Brúsastaði II var auglýst frá 19.2.-1.4. sl. Ein athugasemd barst á þeim tíma með tölvupósti þann 10. mars sl. frá Magnúsi Þórðarsyni fyrir hönd þeirra sem eiga Brúsastaði I.

Í þeim tölvupósti kemur fram að gildandi deiliskipulag er ranglega teiknað upp. Í gildi er deiliskipulag sem samþykkt var árið 2000 með síðari breytingum er falla undir heitið: *Byggingarreitur F1, bílastæði, spennistöð, lóðarmörk Brúsastaða* samþykkt 6.3.2001. Einnig kemur fram í sama skeyti að: *á skýringamynd í M 1:500 kemur greinilega fram að lóðaskil er komin langt inn í lóðahluta Brúsastaða 1. Jafnframt að: tekið er af stórum lóðahluta af Brúsastöðum 1 og því er mótmælt og óskað eftir leiðréttingu.*



Auglýstur uppdráttur, tillaga



Uppdráttur frá 2001.




## HAFNARFJÖRÐUR

Leiðréttta þarf uppdrátt í samræmi við það sem fram kemur hér að ofan. Sú leiðrétting hefur hins vegar engin áhrif á það sem nú er mótmælt í ofangreindum tölvupósti.

Óskir um leiðréttingu lóðar er annað erindi en það sem auglýst hefur verið með deiliskipulagsbreytingunni en í henni felst að byggingarmagni á lóð er aukið þar sem byggt er ofan á húsið og hæð þess hækkuð lítillega. Engar athugasemdir bárust er varða breytingar á núverandi íbúðarhúsi við Brúsastaði II.

Hvað varðar gildandi lóðarmörk þá er lausn vegna þeirra annað erindi en það sem lagt er fram hér.

*Lagt er til að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt er lítur að byggingarmagni innan lóðar og deiliskipulagsuppdráttur lagfærður í samæmi við lóðarmörk frá árinu 2001 og að málinu verði lokið í samræmi við skipulagslög.*



Lóðarblað frá 2001.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt